

## Leiðbeiningar um frágang handrita

Febrúar 2019

### 1. Efni

Tímaritið *Íslenskt mál og almenn málfræði* (ÍM) er vettvangur fyrir fræðileg skrif um íslenska og almenna málfræði. Það birtir rannsóknar- og yfirlitsgreinar um öll svið íslenskrar málfræði og almennra málvísinda auk greina um ný ritverk á sviði tímaritsins (rýnigreinar, e. *review articles*). Einnig birtir það stuttar fræðilegar athugasemdir, umræðugreinar, frásagnir sem snerta mál og málrannsóknir (svonefndar flugur) o.fl. Þá eru birtar ritfregnir og stuttar umsagnir um bækur svo og skýrslur um starf Íslenska málfræðifélagsins, sem er útgefandi tímaritsins.

### 2. Skil á handritum og frágangur þeirra

Tekið er við handritum allt árið en ritstjórar auglýsa lokaskilafrest í hvert hefti á vefsíðu Íslenska málfræðifélagsins og í tölvupósti til félagsmanna. Handriti skal skila sem viðhengi í tölvupósti á póstfangið: [islensktmal@hi.is](mailto:islensktmal@hi.is).

Handrit skal vera Word-skjal (eða annað sambærilegt ritvinnsluskjal), vera sem allra einfaldast að gerð og án sjálfvirkra skipana (t.d. um kaflanúmer o.þ.h.). Formið skal almennt vera þetta:

- Síðustærð: A4
- Línubil: 1,5
- Spássíur: 2,5 sm á alla vegu
- Letur: 12 punkta Times New Roman
- Dálkastilling (e. *tab*): 0,5 sm
- Númeraðar blaðsíður

Pdf-útgáfa skal fylgja handritinu til þess að sýna á óyggjandi hátt hvernig höfundur gerir ráð fyrir að sértákn, töflur, myndir og önnur uppsetning birtist.

Greinar séu að jafnaði 15–30 tímaritssíður (um 4.500–9.000 orð) og ekki lengri en 40 síður (um 12.000 orð). Flugur og umsagnir um bækur og önnur ritverk skulu vera innan við 10 síður (3.000 orð).

Nafn höfundar, heimilisfang og tölvupóstfang komi skýrt fram á sérstöku blaði.

### 3. Mál og stíll, stafsetning og greinarmerkjasetning

Greinar skulu að jafnaði vera á íslensku en ÍM birtir líka greinar á ensku, þýsku og norrænum málum. Öllum greinum á að fylgja útdráttur á ensku og einnig á íslensku ef greinin er á öðru máli.

Vanda skal framsetningu og hafa textann eins skýran og læsilegan og kostur er. Höfundar sem ekki skrifa á eigin móðurmáli bera sjálfir ábyrgð á að fá einhvern með móðurmálsfærni í viðkomandi máli til að lesa handritið og lagfæra mál og stíl áður en lokagerð handrits er skilað.

Stafsetning og greinarmerkjasetning á að vera í samræmi við almennar reglur. Ekki skal skipta orðum milli lína í handritinu (með bandstriki eða hverfulu striki (e. *optional hyphen*)). Nota skal þrens konar strik:

1. Langt strik (— eða m-strik) sem þankastrik.
2. Meðallangt strik (– eða n-strik) í merkingunni ‘til’ (í ártölum eða tölum) eða til að aðgreina beygingarmyndir í upptalningu (*hjálpa – hjálpaði – hjálpað*).
3. Bandstrik til að aðgreina orðhluta (*hest-ur, Syðri-Hóll*).

## 4. Efnisskipan og kaflaskipting greina

### Yfirskrift

Nafn höfundar og titill (og undirtitill) standa í upphafi (lokagerðar) handrits að grein eða flugu. Í greinum sem fjalla um ritverk (rýnigreinum) skulu bókfræðilegar upplýsingar um viðkomandi verk fara á eftir titlinum en fremst í ritfregnum og umsögnum um bækur sem ekki hafa sérstakan titil.

### Kaflaskipting

Greinar hefjast á inngangi og lýkur á niðurstöðum eða lokaorðum og meginmál skiptist í hæfilega kafla. Hver kafli og undirkafli á að hafa númer og lýsandi heiti og fyrirsagnir eru ýmist feitletraðar, skáletraðar eða með beinu lettri, sbr. dæmi:

#### 1. Inngangur

...

#### 3. Beygingarsamræmi

3.1 Yfirlit

3.2 Persónusamræmi

3.3 Tölusamræmi

3.3.1 Tölusamræmi í sögnum

3.3.2 Tölusamræmi sagnfyllinga

3.4 Helstu niðurstöður

...

#### 5. Lokaorð

#### Útdráttur og lykilorð

#### Heimildir

Kaflanúmer skal nota til að vísa á milli kafla.

### Fylgiefni

- Útdráttur á ensku ef grein er á íslensku og ef hún er á öðru máli einnig íslenskur útdráttur.
- 3–5 lykilorð á íslensku og ensku sem eru lýsandi fyrir efni greinarinnar.
- Skrá yfir öll rit og aðrar heimildir sem vísað er til í greininni.
- Upplýsingar um höfund: Nafn, (stofnun,) heimilisfang og tölvupóstfang.

## 5. Neðanmálgreinar

Neðanmálgreinar hafa samfellda tölusetningu frá upphafi greinar til enda. Í meginmáli stendur talan ofan við línu og hægra megin við greinarmerki. Aldrei er punktur á eftir númeri neðanmálgreinar.

## 6. Dæmi

Öll máldæmi inni í meginmáli eru *skáletruð*:

Langflest orð sem hafa *a* í stofni taka *u*-hljóðvarpi í myndum með endingum sem hafa *u*, t.d. *-ur* í fleirtölu veikra kvenkynsnafnorða (*tala – tölur*).

Ritháttur er auðkenndur með einföldum tilvitnunarkerkjum eða oddklofum:

Hann skrifar *Elvar* með ‘v’ en ekki ‘f’; Möðruvallabók hefur ritháttinn <ie> og <ie> (með eða án brodds).

Lengri dæmi (heilar setningar eða dæmaupptalningar) eru tölusettt og afmörkuð frá meginmáli með auðri línu á undan og eftir. Einföld greinidæmi (t.d. hríslumyndir), málfræðireglur, stuttar skilgreiningar o.fl. skal tölusetja á sama hátt. Tölusetning skal vera samfelld frá upphafi greinar til enda, tölurnar ekki inndregnar og ekki er notað skáletur í slíkum dæmum:

- (1) a. Jón kyssti Maríu í gær.  
b. Kyssti Jón Maríu í gær?
- (2) a. Það hefur enginn sagt mér frá því að prentarinn er bilaður.  
b. ?Það hefur enginn sagt mér frá að prentarinn er bilaður.  
c. Ég get ekki skilað þessu vegna þess að prentarinn er bilaður.  
d. \*Ég get ekki skilað þessu vegna að prentarinn er bilaður.
- (3) Hann kom til (þess) að kveðja þig.
- (4) Henni þótti/\*þóttum við víst leiðinlegir.
- (5) blána, dofna, fölna, grána, gulna, roðna, þiðna

(6) a→ö/\_C<sub>0</sub>u

(7) Allar tókusagnir fara í fjórða flokk veikra sagna.

Setningar úr erlendum málum skal bæði glósa orð fyrir orð og þýða á eðlilegt mál. Erlendu orðin og glósur þeirra þurfa að standast á og því þarf að nota dálksetningu í slíkum dæmum:

(8) Ikh veys nit vemen zi hot gezen zuntik.  
ég veit ekki hvern hún hefur séð sunnudag  
'Ég veit ekki hvern hún sá á sunnudaginn.'

Vísað er til tölusettra dæma (og annars efnis) með númeri, t.d. (1), (1a), (3a–d) o.s.frv.:

Í neðanmálgreinum eru dæmasetningar og slíkt tölusettar með (i), (ii) og vísað til þeirra með númeri dæmis og neðanmálgreinar, t.d. „sjá dæmi (ii) í nmgr. 3“.

## 7. Myndir, töflur og gröf

Einfaldar töflur má hafa á sínum stað í handritinu en flóknari töflur, myndir eða gröf eiga að fylgja greininni á sérstökum síðum. Þá skal merkja fyrir hverri töflu/mynd/grafi í handritinu, t.d. „[Tafla 1 hér]“. Vísa skal í töflur og myndir með númeri (t.d. „í töflu 1“, „á mynd 2“) í meginmáli en **ekki** með orðalagi eins og „hér fyrir ofan“ eða „á næstu síðu“. Myndefni þarf að vera í nægilega góðri upplausn til að það prentist vel, ganga skal frá öllu slíku efni í grátóna formi þannig að það verði skýrt í prentun í svart-hvítu og það má ekki vera fyrirferðarmeira en svo að það rúmist vel á einni síðu. Númer töflu/myndar ásamt skýringartexta á að vera skáletrað og standa fyrir neðan töfluna/myndina. Sýna má æskilegt útlit myndar eða töflu (með línunum o.s.frv.) og staðsetningu í meðfylgjandi pdf-skjali.

## 8. Leturbreytingar

*Skáletur* er einkum notað:

1. Til að auðkenna máldæmi (orð, orðasambönd, orðhluta o.fl.) í meginmáli..
2. Til að auðkenna heiti tímarita og bóka í heimildaskrá og meginmáli.
3. Í fyrirsögnum undirkafla sem eru beint undir aðalkafla (t.d. 2.2 *Leturbreytingar*).
4. Í töflu- og myndatextum og í tilvísun til þeirra í meginmáli t.d. „sjá töflu 4“.
5. Í erlendum orðum í meginmáli eða þýðingum á hugtökum (í sviga):  
Orð af þessu tagi eru stundum kölluð *faux amis*. Þess háttar orð má kalla **falsvini** á íslensku (f. *faux amis*).
6. Til að auðkenna breytur og önnur álíka sértákn:  
Breytan  $x$  getur haft þrjú gildi: 0, 1 og 2.

**Feitt letur** er fyrst og fremst notað:

1. Til að vekja athygli á fræðilegu hugtaki þegar það er nefnt í fyrsta skipti.
2. Til að vekja athygli á tilteknu atriði í dæmasetningu.
3. Í fyrirsögnum (bæði númerum og heitum) aðalkafla.

HÁSTEFLINGA (e. *small caps*) má nota ef þörf er fyrir frekari leturbreytingar.

## 9. Notkun tilvitnunarkerkja (gæsalappa) og ýmissa sértákna

**Einföld tilvitnunarkerki** (einfaldar gæsalappir sem líkjast tölunum 6 og 9) eru notuð:

1. Til að afmarka merkingu máldæma, bæði erlendra og íslenskra (Orðið *grjúpan* ‘bjúga’...)
2. Til að afmarka leturtákn (... ýmist skrifað með ‘í’ eða ‘ý’...)

**Tvöföld tilvitnunarkerki** (venjulegar gæsalappir) eru fyrst og fremst notuð:

1. Til að afmarka orðréttar tilvitnanir í meginmáli.
2. Til að auðkenna orð sem notuð eru í óvenjulegri eða óeiginlegri merkingu.  
Í greinum íslensku skulu fremri gæsalappir vera niðri (,) og þær aftari uppi (") og þær eiga að snúa þannig: „...“.  
Í greinum sem ritaðar eru á öðrum málum skulu tilvitnunarkerki vera eins og tíðkast í viðkomandi máli. Greinarmerki eins og punktar, kommur og spurningarkerki koma utan tilvitnunarkerkja nema þau séu hluti af tilvitnuninni sjálfri.

**Hornklofar** eru einkum notaðir:

1. Utan um hljóðrituð dæmi (hljóðritunin á að fara sem næst alþjóðlega hljóðritunarkerfinu IPA nema sérstakar ástæður kalli á annað): *bátur* [pau:tyr], *úlpa* [ulp<sup>h</sup>a].
2. Til að tákna innskot eða úrfellingar ([...]), t.d. í beinum tilvitnunum; einnig utan um viðbótarupplýsingar í heimildaskrá.

**Skástrik** eru notuð:

1. Til að afmarka og auðkenna hljóðkerfislega (fónemíska) ritun eða hljóðkerfislegar einingar (/l,m,n/ eru örödduð á undan /p,t,k/).
2. Til að afmarka tvo eða fleiri kosti í dæmasetningum (Mér leiðist/leiðast vísindaskáldsögur).

**Tvíkross** (myllumerki) er notaður til að afmarka orðhluta eða hljóðbeygingarlegar (morfófónemískar) einingar (baklæggar gerðir: ... þátíðarmerkið #-ð-# ...).

**Stjarna** (\*) er notuð:

1. Til að auðkenna málfræðilega rangar eða ótækar setningar eða dæmi.
2. Til að sýna að um sé að ræða endurgert dæmi sem ekki kemur fyrir í heimildum.

**Oddklofar** eru einkum notaðir:

1. Til að lýsa sögulegri þróun (< merkir ‘komið af, leitt af’; > merkir ‘verður/varð að, breyttist í’).
2. Til að afmarka (óvenjuleg) leturtákn.
3. Til að afmarka vefslóðir í heimildaskrá eða neðanmálgreinum.

**Svigar** eru einkum notaðir:

1. Utan um númer máldæma.
2. Utan um tilvísanir til heimilda.
3. Til að afmarka valfrjálsar einingar í máldæmum.

**Gervitákn** má nota í handriti í stað letur- eða hljóðritunartákna sem ekki tiltæk eða hætt er við að fari forgörðum við umbrot. Mælt er með að nota dollaramerki og tölustaf, þ.e. \$1, \$2 o.s.frv. Í slíkum tilvikum skal fylgja skrá þar sem sýnt er fyrir hvað hvert gervitákn stendur, t.d.:

- \$1 = l (gegnumstrikað l)
- \$2 = e (lykkju-e)
- \$3 = j̇ (óraddað framgómmeð nefhljóð)
- \$4 = ṅ ((framgómmeð nefhljóð, raddað)

**Inndráttur** er einkum notaður:

1. Til að afmarka nýja efnisgrein. Fyrsta efnisgrein hvers kafla og undirkafla skal þó ekki vera inndregin.
2. Til að afmarka langar beinar tilvitnanir og þá er haft línubil á undan og eftir. Í slíkum tilvikum er tilvitnunin ekki auðkennd með gæsalöppum að auki.

Svonefndur **hangandi inndráttur** er notaður í heimildaskrá.

## 10. Tilvísanir, form beinna tilvitnana og heimildaskrá

Þrjár meginreglur gilda um tilvísanir í heimildir:

1. Allar (og eingöngu) heimildir sem vísað er til í grein (eða öðru efni) skulu tilgreindar í heimildaskrá.
2. Samræmi þarf að vera milli tilvísunar í heimild og framsetningar hennar í heimildaskrá svo lesendur eigi auðvelt með að rekja tilvísunina. Sé t.d. vísað til heimildar með skammstöfun þarf skammstöfunin að standa fremst í færslunni í heimildaskránni (með = á eftir).
3. Að jafnaði skal vísað á tiltekinn stað í heimild (blaðsíður) en ekki bara til ritsins í heild.

Heimildartilvísanir eiga að vera í sviga á viðeigandi stað í meginmáli og fela að jafnaði í sér nafn höfunda(r), útgáfuár rits eða greinar og blaðsíðutal. Ef vísað er í fleiri en eitt rit sama höfundar frá sama ári eru þau aðgreind með litlum bókstaf á eftir ártali:

Svo virðist sem beyging hreinna *a*-stofna hafi lítið breyst frá formmáli til nútímamáls (sjá t.d. Björn K. Þórólfsson 1925:1–10).

Wasow (1977a:389–391) gagnrýnir Brame fyrir þetta.

Um þetta atriði er víða fjallað (sjá t.d. Wasow 1977a, 1977b; Höskuld Þráinsson 1979; Kjartan G. Ottósson 1989; Eirík Rögnvaldsson og Höskuld Þráinsson 1990).

Vísað er til íslenskra höfunda með fullu nafni en til erlendra höfunda með eftirnafninu einu.

Í rit ótilgreindra höfunda er vísað með titli verksins eða skammstöfun hans. Útgáfuár er ekki tiltekið nema þörf sé á að aðgreina ólíkar útgáfur (t.d. „Sturl 1940“ og „Sturl 1988“):

Þetta sést m.a. í eftirfarandi dæmi: „ok réð þar hvárgi á annan“ (Ljósv:3).

Þegar vísað er til blaða í handritum er fylgt viðteknum venjum um tilvísanir í númer handrits, síðustærð, síður, dálka og jafnvel línur:

... er ágætt dæmi um þetta (Sthm. Perg. 15 4to:19v).

Í þessu handriti kemur orðið aðeins einu sinni fyrir (AM 469 4to:12r5).

Við tilvísun til rafrænna heimilda skal, eftir því sem kostur er, fara eftir sömu reglum og gilda um aðrar heimildir. Einnig er bent á ábendingar um tilvísun og heimildaskráningu slíkra heimilda sem finna má í viðkomandi verkum. Um vefheimildir almennt gildir þetta:

1. Vísa skal til heitis verksins (titils, sbr. t.d. forsíðu vefs) og forðast að vísa beint í vefslóð, hún á heima í heimildaskránni.
2. Vefslóðir eiga ekki að vera í meginmáli. Ef ekki nægir að birta þær í heimildaskrá eru þær hafðar í neðanmálgrein, gjarnan með skýringu eða lýsingu á verkinu.

**Beinar tilvitnanir** skulu vera stafréttar og öllum leturbreytingum haldið nákvæmlega til haga. Ef einhverju er sleppt skal það gefið til kynna með þrem punktum innan hornklofa („[...]“) og innskot eru afmörkuð með hornklofum. Höfundar greina bera ábyrgð á því að rétt sé með farið í tilvitnunum.

Stuttar tilvitnanir inni í meginmáli eru auðkenndar með tvöföldum gæsalöppum og tilvísunin alla jafna höfð í sviga á eftir henni en stundum á undan. Lengri tilvitnanir eru inndregnar og auð lína á undan og eftir. Heimildartilvísun er þá annaðhvort í textanum á undan tilvitnuninni eða í lok hennar sjálfar, á undan punktinum sem afmarkar tilvitnunina.

Such pronouns normally have a “meaning” of their own [...] This is well known and need not be illustrated here (Höskuldur Þráinsson 1979:180).

Ef vísa þarf til beinnar tilvitnunar í umfjölluninni má gefa henni númer eins og öðru efni sem vísað er til í meginmáli (t.d. dæma) og er þá númerið sjálft ekki inndregið.

**Heimildaskrá** skal fylgja öllum greinum og meginreglan er sú að fullt samræmi sé á milli tilvísunar í meginmáli og (upphafs) heimildarfærslu. Fremst stendur því ýmist fullt nafn (íslensks) höfundar, ættarnafn (fyrsta) erlends höfundar eða titill verks; ef titill (eða höfundarnafn) er skammstafað í tilvísunum hefst heimildarfærsla á skammstöfuninni með jafnaðarmerki á eftir (=). Séu höfundar fleiri en einn er röð þeirra sú sama og á titilsíðu bókar eða í yfirskrift greinar. Ættarnafn erlendra höfunda stendur bara á undan skírarnafni eina eða fyrsta höfundar, ef þeir eru fleiri eru nöfn hinna höfundanna í venjulegri röð (skírarnafn á undan ættarnafni). Nöfn höfunda eru aðgreind með kommu og „og“ á undan seinna/síðasta nafninu (eða samsvarandi orð í greinum á öðrum málum).

Heimildum er raðað í stafrófsröð eftir upphafi færslanna: nöfnum höfunda, titlum verka, skammstöfunum og styttingum. Í greinum sem skrifaðar eru á íslensku skal nota íslenska stafrófsröð (*a* á undan *á* o.s.frv.). Hafður er hangandi inndráttur í heimildaskrá, þ.e. hver færsla er inndregin frá og með annarri línu.

Titlar útgefna verka (bóka, tímarita o.fl.) eru *skáletruð* en ekki heiti rita hafi þeim ekki verið dreift opinberlega (óprentaðra prófritgerða o.þ.h.). Skáletur er ekki haft í undirtitlum eða viðaukaheitum á borð við „Kennslubók handa framhaldsskólum“ né heldur í heiti ritraðar.

Auk venjubundinna upplýsinga er vefslóð og dagsetning höfð aftast í færslum um vefheimildir.

Dæmi um heimildaskrá:

#### HEIMILDIR

- Andrews, Avery. 1971. Case Agreement of Predicate Modifiers in Ancient Greek. *Linguistic Inquiry* 2:127–151.
- Ari Páll Kristinsson. [Án ártals.] Athugum málið! Ábendingar um íslenskt mál og málfar. *Vefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. <<https://www.arnastofnun.is/>>. [Sótt 18.02.2008.]
- Baldur Jónsson. 1970. Reconstructing Verbal Compounds on the Basis of Syntax. Hreinn Benediktsson (ritstj.): *The Nordic Languages and Modern Linguistics* [1], bls. 379–394. Vísindafélag Íslendinga, Reykjavík.
- Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr formálinu*. Fjelagsprentsmiðjan, Reykjavík.
- DI = *Diplomatarium Islandicum, Íslenskt fornbréfasafn* 12, 1. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1923.
- Dönsk-íslensk orðabók*. Ritstjórar Hrefna Arnalds, Ingibjörg Jóhannesen og Halldóra Jónsdóttir. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík, 1992.
- Eríkur Rögnvaldsson. 2008. Framtíð íslensku innan upplýsingatækninnar. Óprentuð grein á heimasíðu Eiríks Rögnvaldssonar. <<http://www.hi.is/~eirikur>>. [Bein slóð: <<http://www.hi.is/eirikur/ut.pdf>>. Sótt 20.03.2008.]
- Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson. 1990. On Icelandic Word Order Once More. Joan Maling og Annie Zaenen (ritstj.): *Modern Icelandic Syntax*, bls. 3–40. Academic Press, San Diego.
- ER&HP = Eiríkur Rögnvaldsson og Höskuldur Þráinsson 1990.
- FMR = *The First Grammatical Treatise* [‘Fyrsta málfraeðiritgerðin’]. Útgefandi Hreinn Benediktsson. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 1972.
- Helgi Bernóðsson. 1982. Ópersónulegar setningar. *Kandídatritgerð í íslenskri málfræði*, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Heusler, Andreas. 1962. *Altisländisches Elementarbuch*. 5. útg. óbreytt. Carl Winter Universitätsverlag, Heidelberg.
- Holmberg, Anders, og Christer Platzack. 1995. *The Role of Inflection in Scandinavian Syntax*. Oxford University Press, Oxford.
- ÍO = *Íslensk orðabók*. Ritstjóri Mördur Árnason. Edda, Reykjavík, 2002.
- Jón Hilmar Jónsson. 2001. *Orðastaður*. Orðabók um íslenska málnotkun. 2. útg. aukin og endurskoðuð. JPV útgáfa, Reykjavík.
- Jörundur Hilmarsson. 1988–89. *Són: Orðsifjar og myndun. Íslenskt mál og almenn málfræði* 10–11:33–41.
- Kjartan G. Ottósson. 1989. VP-Specifier Subjects and the CP/IP Distinction in Icelandic and Mainland Scandinavian. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 44:89–100.
- Lbs 220 8vo. Handrit á Landsbókasafni Íslands. [Uppskrift úr orðasafni eftir Hallgrím Scheving.]
- Ljósv = *Ljósvetninga saga*. Íslensk fornrit 10. Björn Sigfússon gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1940.
- MÍM = *Mörkuð íslensk málheild*. Ritstjóri Sigrún Helgadóttir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <<https://málheildir.arnastofnun.is/>>. [Sótt 23.1.2019.]
- Sigurður Konráðsson. 1982. Málörk og blendingssvæði. Nokkur atriði um harðmæli og linnmæli. Ritgerð í eigu Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sturl = *Sturlunga saga* 1. Örnólfur Thorsson bjó til prentunar. Svart á hvítu, Reykjavík, 1988.
- TOH = Talmálssafn Orðabókar Háskólans — Seðlasafn. [Varðveitt á Orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.]
- Wasow, Thomas. 1977a. Ritdómur um *Conjectures and Refutations in Syntax and Semantics* eftir Michael Brame. *Linguistic Analysis* 3:377–395.
- Wasow, Thomas. 1977b. Transformations and the Lexicon. Peter W. Culicover, Thomas Wasow og Adrian Akmajian (ritstj.): *Formal Syntax*, bls. 327–360. Academic Press, New York.
- Þórhallur Eyþórsson (ritstj.). 2008. *Grammatical Change and Linguistic Theory*. The Rosendal papers. John Benjamins, Amsterdam.

## 11. Yfirlestur handrita, athugasemdir og lagfæringar; prófarkir

Ritstjórar lesa allt efni sem berst til tímaritsins og meta hvort það falli að meginkröfum þess um efni og efnistöð. Ef svo er, eru greinar sendar nafnlausar til tveggja yfirlesara (ritrýna). Til hliðsjónar við yfirlestur hafa þeir eyðublað og leiðbeiningar tímaritsins um gerð og frágang greina. Ritstjóri tekur við álit og athugasemdum ritrýna, fer yfir þær og sendir höfundum niðurstöðuna ásamt athugasemdum og ábendingum um lagfæringar og endurbætur eftir því sem við á. Sé grein samþykkt til birtingar, yfirleitt með ábendingum um einhverjar lagfæringar, fá höfundar tíma til að fara yfir athugasemdirnar og gera nauðsynlegar breytingar. Höfundar eru hvattir til að nýta sér ábendingar ritstjóra og ritrýna sem best við lokagerð greina en hafi þeir kosið að horfa framhjá tilteknum ábendingum eru þeir beðnir að gera stuttlega grein fyrir því. Þegar ritstjórar ritstjórar hafa samþykkt greinina með áorðnum breytingum til birtingar er hún send í umbrot og fá höfundar fyrstu próförk til yfirlestrar. Greinar eru að birtar í þeirri röð sem samþykktar lokagerðir þeirra berast.

Ítarlegri leiðbeiningar með dæmum má finna á vefsíðu tímaritsins (<http://malfraedi.hi.is/islenskt-mal/>).

